



Ráðhús Reykjavíkur
borgarráð
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um hvenær hægt er að opna Hólaberg 86 - R18100358.

Á fundi borgarráðs þann 25. október 2018, var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. Hvenær er ráðgert að opna Hólaberg 86 sem hýsir skammtímavistun fyrir fatlaða?
2. Hvenær var áætlað að opna skammtímavistunina?
3. Hvað tafði opnunina?

Svar velferðarsviðs er eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið um miðjan desember nk. Rekstraraðili ráðgerir að hefja starfsemi á nýju í endurgerðu húsnæði í byrjun janúar 2019.
2. Verktími við endurgerð húsnæðis skv. útboðsgögnum var 15. janúar 2018 til 15. nóvember 2018.
3. Verktaki gat ekki hafið vinnu á staðnum fyrr en 15. febrúar 2018 þar sem seinkun var á afhendingu húsnæðisins.

Virðingarfyllst,

Berglind Magnúsdóttir,
skrifstofustjóri